



BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á úrræðum og umsókna um  
þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu  
þremur mánuðum árunum 2019 - 2021

**Júní 2021**

Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2018, 2019, 2020 og 2021 sem og upplýsingar frá Barnahúsi.

### **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan úr 48 umsóknum í 38. Flestar umsóknir bárust um MST, eða alls 25 umsóknir, sem þó er fækkun frá árinu áður. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 39,5% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir stúlkur en drengi, ólíkt því sem var síðustu ár.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 úr 43 beiðnum í 38 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnum um tímabundið fóstur fækkaði mest á milli ára og flestar beiðnir bárust vegna barna á landsbyggð, eða 44,7% allra umsókna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021. Jafn margar beiðir bárust vegna stúlkna og drengja fyrstu þrjú mánuði ársins 2021.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 95 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 í 123 fyrir sama tímabil á árinu 2021, en þau voru 49 og 60 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 og 2018. Skýrslutökur fyrir dómi voru 98 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021, 64 fyrir sama tímabil árið á undan en 24 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Fjölgunin varðaði skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis en skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis voru 158% fyrstu 3 mánuði ársins 2021 samanborið við sama tímabil ársins á undan. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 25 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 en 31 á sama tímabil á árinu 2020. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl fyrstu þrjú mánuði ársins 2021, líkt og fyrri ár.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 52 í 28 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 232 dögum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 í 117 daga fyrir sama tímabil á árinu 2020. Alls komu 22 börn á lokaða deild á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021, en þau voru 30 á sama tímabili á árinu 2020.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 14 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 og fjölgaði því samanborið við sama tíma árið á undan, þegar 11 umsóknir bárust.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.


# Umsóknir um meðferð

Umsóknir um meðferð eftir meðferðarúrræði

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	8	17,4	4	11,4	7	14,6	12	31,6
Önnur meðferðarheimili*	7	15,2	9	25,7	4	8,3	1	2,6
MST	31	67,4	22	62,9	37	77,1	25	65,8
<b>Alls</b>	<b>46</b>	<b>100</b>	<b>35</b>	<b>100</b>	<b>48</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>

\* Laugaland og Lækjarbakki.



Árið 2021 bárust 12 umsóknir vegna meðferðardeildar Stuðla. Líkt og hér má sjá voru umsóknir á meðferðardeild Stuðla nokkuð fleiri fyrstu 3 mánuði ársins 2021 heldur en fyrstu þrjá mánuði árána á undan.

Á tímabilinu janúar til mars 2021 barst aðeins ein umsókn vegna annarra meðferðarheimila en slíkum umsóknum hefur farið fækkandi undanfarin ár.

Þá bárust 25 umsóknir vegna MST fyrstu þrjá mánuði ársins 2021, sem eru heldur færri umsóknir en fyrsta þrjá mánuði ársins 2020, en í takt við fjölda umsókna ársins þar á undan.

## Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	15	32,6	16	45,7	16	33,3	12	31,6
Nágrenni Reykjavíkur*	19	41,3	9	25,7	13	27,1	11	28,9
Landsbyggð	12	26,1	10	28,6	19	39,6	15	39,5
<b>Alls</b>	<b>46</b>	<b>100</b>	<b>35</b>	<b>100</b>	<b>48</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	32	69,6	23	65,7	28	58,3	18	47,4
Stúlkur	14	30,4	12	34,3	20	41,7	20	52,6
<b>Alls</b>	<b>46</b>	<b>100</b>	<b>35</b>	<b>100</b>	<b>48</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>


Fyrstu 3 mánuði ársins 2021 bárust flestar umsóknir frá nefndum á landsbyggð, eða 39,5% allra umsókna. Er það svipað hlutfall og árið 2020 þegar 39,6% allra umsókna bárust frá nefndum á landsbyggð.

Yfir helmingur þeirra umsókna sem bárust Barnaverndarstofu í janúar, febrúar og mars vegna meðferðarúrræða, var vegna stúlkna, en umsóknir vegna stúlkna hafa síðustu ár verið í minnihluta.

## Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	20	55,6	33	56,9	24	55,8	16	42,1
Varanlegt	11	30,6	16	27,6	11	25,6	13	34,2
Styrkt	5	13,9	9	15,5	8	18,6	9	23,7
<b>Alls</b>	<b>36</b>	<b>100</b>	<b>58</b>	<b>100</b>	<b>43</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>



Beiðnir um fósturheimili voru nokkuð færri fyrstu þrjú mánuði ársins 2021 en þær voru fyrstu þrjú mánuði ársins 2020. Aftur á móti er ljóst að fjöldi beiðna sem berast á þremur mánuðum getur verið nokkuð sveiflukenndur, frá 36 beiðnum árið 2018 og allt upp í 58 beiðnir árið 2019.

Þá munar helst um beiðnir vegna tímabundins fósturs en í janúar til mars 2021 bárust 16 beiðnir vegna tímabundins fósturs, samanborið við 24 og 33 beiðnir árin 2020 og 2019. Fjöldi beiðna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 vegna varanlegs og styrkts fósturs var svipaður og síðustu tveggja ára á undan.

## Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	10	27,8	23	39,7	20	46,5	10	26,3
Nágrenni Reykjavíkur*	11	30,6	17	29,3	8	18,6	11	28,9
Landsbyggð	15	41,7	18	31,0	15	34,9	17	44,7
<b>Alls</b>	<b>36</b>	<b>100</b>	<b>58</b>	<b>100</b>	<b>43</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	16	44,4	30	51,7	18	41,9	19	50,0
Stúlkur	20	55,6	28	48,3	25	58,1	19	50,0
<b>Alls</b>	<b>36</b>	<b>100</b>	<b>58</b>	<b>100</b>	<b>43</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>

Flestar beiðnir um fósturheimili bárust á tímabilinu janúar til mars 2021 voru vegna barna sem bjuggu á landsbyggð, eða 44,7%.

Þá bárust jafn margar beiðnir um fósturheimili vegna drengja og stúlka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021.

# Þjónusta í Barnahúsi


Hér á eftir má finna tölur um þjónstu sem Barnahús veitti fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

## Þjónusta í Barnahúsi

	2018	2019	2020	2021
<b>Rannsóknarviðtöl</b>	60	49	95	123
a. Skýrslutökur*	26	24	64	98
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	14	13	26	67
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi</i>	12	11	38	31
b. Könnunarviðtöl	34	25	31	25
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	0	2	1	0
<i>Þar af hælisleitadi börn í fylgd forsjáraðila</i>	0	1	0	0
<b>Greiningar- og meðferðarviðtöl</b>	27	41	27	34
<b>Læknisskoðanir</b>	4	2	0	3

\*Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í sex tilvikum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 og í þremur tilvikum árið 2021.

## Skýrslutökur



Mikil aukning hefur verið á fjölda skýrslutaka í Barnahúsi, sé miðað við árin á undan. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 voru skýrslutökur 98, en það er 53% fleiri skýrslutökur en voru teknar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020.

Flestar skýrslutökur varða kynferðislegt ofbeldi eða 68,4% allra skýrslutaka. Þá voru skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis margfalt fleiri á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 en síðustu ára en þær voru um 158% fleiri en á sama tímabili í fyrra.

Skýrslutökur fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 er vörðudu líkamlegt- og heimilisofbeldi voru 31, nokkuð færri en fyrstu þrjá mánuði ársins 2020, en aftur á móti þrisvar sinnum fleiri sé miðað við árin 2018-2019.


## Kyn barna sem sóttu þjónustu í Barnahúsi

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	25	41,7	16	32,7	39	41,1	47	38,2
Stúlkur	35	58,3	33	67,3	56	58,9	76	61,8
<b>Alls</b>	<b>60</b>	<b>100</b>	<b>49</b>	<b>100</b>	<b>95</b>	<b>100</b>	<b>123</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á tímabilinu janúar til mars 2021 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára.

## Skýrslutökur í Barnahúsi samanborið við allt árið, áranna á undan



Hér fyrir ofan má sjá samanburð á fjölda skýrslutaka fyrstu þrjá mánuði ársins 2020 samanborið við allt árið síðustu þriggja ára á undan.

Hér má sjá að á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 var fjöldi skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis sem nemur 71,6% skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis allt árið 2020.

Eins má benda á að á tímabilinu janúar til mars 2020 var heildarfjöldi skýrslutaka vegna líkamlegs og heimilisofbeldis sem nemur 69-72% af heildarfjölda skýrslutaka áranna 2018-2019.



## Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Lokuð deild á Stuðlum	2018	2019	2020	2021
Fjöldi vistana	54	44	52	28
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	378	237	232	117
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun sky. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	0	35
Fjöldi einstaklinga	36	25	30	22

Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	24	66,7	12	48,0	23	76,7	19	86,4
Stúlkur	12	33,3	13	52,0	7	23,3	3	13,6
<b>Alls</b>	<b>36</b>	<b>100</b>	<b>25</b>	<b>100</b>	<b>30</b>	<b>100</b>	<b>22</b>	<b>100</b>

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 28 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021, en það eru heldur færri vistanir en áranna á undan. Vistunardagar voru 117 í janúar fram í mars 2021 og nemur það um helmingi vistunardaga fyrir sama tímabil ársins 2020.

Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla fyrstu þrjú mánuði ársins 2021 voru 22 börn, og þar af var yfirgnæfandi meirihluti strákar.

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknirnar	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni*	9	50,0	6	42,9	3	27,3	10	71,4
Vesturland	1	5,6	3	21,4	1	9,1	0	0,0
Vestfirðir	1	5,6	1	7,1	0	0,0	1	7,1
Norðurland	3	16,7	1	7,1	2	18,2	2	14,3
Austurland	1	5,6	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Suðurland	2	11,1	1	7,1	4	36,4	1	7,1
Reykjanes	1	5,6	2	14,3	1	9,1	0	0,0
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>100,0</b>	<b>14</b>	<b>100</b>	<b>11</b>	<b>100</b>	<b>14</b>	<b>100</b>

\*Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 14 á tímabilinu janúar fram í mars 2021 og er það svipað og síðustu ár.